

Fimmtudaginn 27. apríl 1995.

Nr. 301/1992.

Óli Sven Styff

(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

gegn

Íslenska álfélaginu hf.

(Hákon Árnason hrl.)

Skaðabótamál. Vinnuslys. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. júlí 1992. Hann krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 5.120.100 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 2. febrúar 1982 til 24. júní 1991, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 4.002.897 krónur með sömu vöxtum og krafist er í aðalkröfu. Til þrautavara krefst áfrýjandi þess, að stefndi greiði sér 3.482.476 krónur með sömu vöxtum og að framan getur eða aðra lægri fjárhæð. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara verulegrar lækkunar stefnukrafna. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Óli Sven Styff, greiði stefnda, Íslenska álfélaginu hf., 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

Óumdeilt er í máli þessu, að áfrýjandi hafi orðið fyrir meiðslum við starf í kerskála stefnda snemma árs 1982. Rak hann hægri olnboga af afli í tæki, sem hann var að vinna við, og kom í ljós við lækni skoðun, er fram fór nokkru síðar, að beinflís hafði losnað. Var hún numin brott með skurðaðgerð, sem dugði þó ekki til að bæta úr skemmd á olnbogaliðnum. Afleiðingar meiðslanna voru metnar örorkumati rúmu ári eftir slysið og áfrýjandi þá talinn hafa hlotið varanlega örorku, er næmi 15%. Fékk hann þá greiddar bæt-ur úr lögmætri slysatryggingu hjá Tryggingastofnun ríkisins á grundvelli slysatilkynningar frá stefnda og einnig úr samningsbundinni slysatryggingu stefnda hjá Brunabótafélagi Íslands, sem tók skýrslu um atburðinn af áfrýjanda sjálfum. Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að áfrýjandi hafi þá horft til frekari kröfugerðar vegna slyssins né heldur við starfslok hans hjá stefnda, sem urðu í september 1983, þegar hann sagði sjálfur starfi sínu lausu. Var það fyrst á árinu 1991, að hann setti fram kröfu um skaðabætur úr hendi vinnuveitanda síns. Hafði hann þá gengist undir ýtarlega lækni-skoðun og nýtt örorkumat, þar sem varanleg örorka vegna slyssins var talin 30%.

Slys áfrýjanda var ekki tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins og sætti ekki rannsókn þess eða annarra. Má að líkindum rekja það til þess, að talið hafi verið í fyrstu, að afleiðingar þess yrðu ekki alvarlegar. Hins vegar var atburðurinn skrásettur hjá stefnda með venjubundnum hætti, þannig, að samin var slysskýrsla á þar til gerðu eyðublaði og staðfest með undirritun yfirmanna á vinnusvæðinu, þ. e. yfirverkstjóra í kerskála og deildarstjóra í rafgreiningu. Jafnframt ritaði öryggisfulltrúi stefnda umsögn undir skýrsluna, og var hún einvörðungu á þá leið, að eftirleiðis yrði notast við loftknúin verkfæri til herslu á ranaróm við áldeiglu. Á eyðublaðinu var ekki fyllt í þá reiti, sem ætlaðir voru til athugasemda um, hvort slysið hefði orðið vegna óaðgæslu áfrýjanda eða slæmra vinnuaðstæðna. Þessi skýrsla er önnur aðalheimildin um slysið, en hin er áður nefnd skýrsla, sem rituð var eftir áfrýjanda hjá Brunabótafélagi Íslands á eyðublað frá félaginu.

Frá slysskýrslu stefnda var gengið dagana 8.–15. mars 1982, eftir að áfrýjandi hafði leitað læknis, en ekki verður séð með vissu, að það hafi gerst fyrr en 8. mars, þegar beiðni um röntgenrannsókn var gefin út. Í skýrslunni segir, að slysið hafi orðið 2. febrúar 1982. Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi dregið þá dagsetningu í efa og leitt líkur að því, að hann hafi í raun fengið meiðsli sín mánuði síðar. Eru skýringar hans sennilegar, en ráða þó engum úrslitum. Á hinn bóginn skiptir það máli, að texti skýrslunnar var ekki borinn undir áfrýjanda sjálfan, heldur var hann tekinn saman af yfirverkstjóra kerskálans eftir punktum frá vaktformanni eða verkstjóra áfrýjanda, en hann var sá aðili, sem áfrýjandi leitaði til eftir slysið. Verður við það að miða, að upplýsingar um slysið hafi farið þessa venjubundnu boðleið, þótt vera megi, að yfirverkstjórinn hafi einnig rætt við áfrýjanda um atburðinn.

Við mat á umræddum heimildum þarf að gæta þess, að skýrslurnar eru settar fram í því knappa formi, sem eyðublöðin settu þeim, og fela ekki í sér tæmandi skýringu eða skilgreiningu á atvikum að slysinu. Verður ljóst, þegar að er gáð, að ummæli í héraðsdómi um misræmi í frásögnum geta ekki átt við um þær, svo að máli skipti. Í raun ber þeim aðeins á milli um það, hvort áfrýjandi hafi rekist í sogranann við áldeigluna eða hana sjálfa, en telja verður það til aukaatriða á sama hátt og það er aukaatriði, hvort áfrýjandi hafi í þessa stað rekist í lyftarann, sem hélt deiglunni uppi, eins og hann skýrði síðar frá fyrir dómi. Á hinn bóginn ber þeim saman um það meginatriði, að slysið hafi orðið við það, að áfrýjandi missti tak sitt á vogarstönginni, sem hann notaði til að herða festingu ranans við deigluna. Er munur á skýrslunum þannig aðallega í því fólgin, að önnur greinir frá orsök þess, að áfrýjandi missti takið, en hin ekki, og er óþarft að telja það til misræmis. Liggur nær að líta svo á, að formið á skýrslu yfirverkstjórans hafi ráðið því, hversu langt hún náði.

Áfrýjandi á ekki að gjalda þess að öðru jöfnu, að hann var einn til frásagnar um slys sitt, og verður að ráða af líkum, hvort skýringar hans á því séu trúverðugar. Er ekki unnt að hafna þeim vegna þess eins, að hann hafi ekki gert sér grein fyrir mikilvægi slyssins þegar í upphafi. Sannað má telja, að svo hafi verið, þar sem hann reyndi að

halda áfram vinnu, eins og ekkert hefði í skorist. Þegar til alls er litið, verður að fallast á það með áfrýjanda, að honum verði ekki lagt það einum til lasts, hvernig viðbrögðum hans og annarra var háttað. Verður stefndi að bera með honum hallann af því, sem á skortir um fullnægjandi athugun og skýrslugerð varðandi orsakir slyssins.

Óumdeilt er, að lýsing áfrýjanda á aðferðum og aðstöðu við verk hans er rétt í meginatriðum. Jafnframt liggur það fyrir, að aðferðum þessum var breytt þannig skömmu eftir slysið, að hætt var að beita handafla við festingu á sogrönnum. Einnig voru festiboltar með ásoðnu auga teknir úr notkun, þótt ekki sé fram komið, hvort það gerðist samtímis eða síðar.

Verk það, sem áfrýjandi var að vinna, var að vísu fábrotið, en erfitt að sínu leyti og ekki hættulaust. Mátti slys hans heita dæmigert um þá áhættu, sem því gat fylgt, þótt afleiðingarnar yrðu óvenjulegar. Orsök þess, að tak hans á herslustönginni raskaðist í þetta sinn, kveður hann vera þá, að boltinn í festingu sogranans hafi brostið um suðuna, sem á honum var, og stöngin þá látið undan átaki hans. Þessi skýring hans er sennileg, þegar litið er til afleiðinga slyssins, og fram er komið, að svipaður brestur hafði áður orðið og ending á þessum boltum verið misjöfn. Gögn málsins mæla ekki á móti því, að frásögn áfrýjanda af slysinu hafi frá öndverðu verið á þessa leið, þótt hann hafi ekki gert reka að því, að umræddum bolta yrði haldið til haga. Jafnframt verður að líta til þess, að áfrýjandi gaf umrædda skýringu við skýrslugerð ári síðar, án þess að bótaábyrgð væri þá til umræðu. Er rétt að öllu athuguðu, að hún verði lögð til grundvallar.

Samkvæmt þessu verður að álykta, að stefndi beri skaðabóta-skyldu gagnvart áfrýjanda vegna slyssins, þar sem það verði rakið til bilunar á búnaði áldeigluunar. Á hinn bóginn verður að telja nokkuð ljóst, að áfrýjandi hafi beitt óþörfu afli við átak sitt og ekki gætt allrar varfærni, sem við átti. Verði hann því einnig að bera ábyrgð á slysinu. Er það niðurstaða mín, að skipta beri ábyrgðinni að jöfnu með aðilum, og geti áfrýjandi krafist stefnda um bætur fyrir helming þess fjártjóns og miska, sem eðlilega megri rekja til slyssins, ásamt vöxtum og málskostnaði. Þar sem niðurstaða annarra dómenda er á

þann veg, að stefndi sé ekki bótaskyldur, eru þó ekki efni til að gera þeim þætti málsins nánari skil.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 5. júní 1992.

Mál þetta höfðaði Hróbjartur Jónatansson hrl. f. h. Óla Sven Styff, kt. 110946-8139, Reykjavíkurvegi 1, Hafnarfirði, á hendur Íslenska álfélaginu hf., kt. 680466-0179, Straumsvík, Hafnarfirði, með stefnu, út gefinni 22. ágúst 1991 og birtri 29. sama mánaðar. Málið var þingfest 10. september 1991. Það var tekið til dóms að loknum málf lutningi 18. maí sl.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að stefndi greiði sér 4.028.000 kr. með almennum sparisjóðsvöxtum, sem raktir eru nákvæmlega í stefnu, frá 2. febrúar 1982 til 24. júní 1991, en dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnandi krefst málskostnaðar úr hendi stefnda skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst þess aðallega að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og fá tildæmdan málskostnað að skaðlausu að teknu tilliti til virðisaukaskatts, og beri málskostnaðarkrafa dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu. Til vara krefst stefndi þess, að stefnukrafa verði lækkuð niður í 624.904 kr.

Málavextir.

Stefnandi hóf störf hjá stefnda 16. júlí 1979 og var starfsmaður hans fram á árið 1983, er hann sagði upp störfum. Hinn 2. febrúar 1982 slasaðist hann við vinnu sína í kerskála álversins, og er það ágreiningslaust. Hann var þá að tengja rana við áldeiglu. Ýmsum sögum fer af því í skjölum málsins, hvernig slysið varð. Að sögn stefnanda var hann að herða skrúfbolta og festa þannig ranann við áldeigluna. Segir hann, að skrúfboltinn, sem að líkindum hefur verið um 20 mm í þvermál, hafi brotnað, þegar hann var að herða ró á honum. Nánar tiltekið var það auga, sem soðið hafði verið á enda boltans, sem brotnaði af um suðuna að sögn stefnanda. Kveðst hann hafa hert róna með herslustöng og haft framlengingu á stönginni. Við átakið hafi boltinn brotnað og stefnandi þá fallið aftur á bak og rekið olnboga í gaffal á lyftara, sem var þar nærri.

Boltinn, sem stefnandi segir, að hafi brotnað, er glataður. Enginn slíkur er nú til, því að áltökutækjum hefur verið breytt í álverinu. Lagðar hafa verið fram sem dómskjöl teikningar, sem aðilar eru sammála um, að sýni réttilega gerð þessara tækja.

Fram hefur verið lögð sem dómskjál slysaskýrsla. Hinn 8. mars 1982 setur Jón Hjaltalín Stefánsson, nefndur deildarstjóri, upphafsstafi nafns síns undir þá skýrslu. Jól Sigurðsson, þá yfirverkstjóri í kerskála í álverinu í

Straumsvík, samdi skýrsluna og ritar undir hana 11. sama mánaðar og Hlöðver Kristjánsson, eftirlitsmaður öryggismála, 15. sama mánaðar. Í skýrslu þessari segir, að stefnandi hafi slasast 2. febrúar 1982 kl. 14.00, en stefnandi hefur skýrt svo frá, að það hafi gerst snemma á vakt, sem hófst kl. 16.00. Í skýrslunni er svohljóðandi lýsing á slysinu: „Var að skipta um rana á sogdeiglu. Rak olnboga hægri handleggs í ranann, er hann missti af herslustönginni. Óli mætti tvær vaktir eftir meiðslin, en þá var hann orðinn mjög slæmur og fór til læknis. Reyndist olnboginn hafa brákast.“ Enn kemur fram í skýrslunni, að stefnandi hafi hætt vinnu „eftir syrpu“. Upplýst er, að stefnandi átti eftir að vinna tvær vaktir í svokallaðri vaktasyrpu, þegar hann slasaðist. Ágreiningslaus er og sú frásögn stefnanda, að hann hafi farið heim úr vinnu á vaktinni, þegar hann slasaðist, en síðan komið til vinnu og unnið þær tvær vaktir, sem eftir voru af syrpunni. Kveðst hann hafa fengið leyfi verkstjóra (vaktstjóra) á sinni vakt, Guðmundar Friðvinssonar, til að fara úr vinnunni 2. febrúar.

Ekki liggur ljóst fyrir, hvort eða að hve miklu leyti stefnandi var frá vinnu næstu vikur eða mánuði eftir slysið. Hann kveðst hafa verið frá vinnu til 11. maí 1982, og í læknisvottorði, sem síðar verður getið, er hann sagður vinnufær þann dag. Lagt hefur verið fram bréf frá stefnda til lögmanns síns, dags. 31. mars 1992, undirritað af Láru Kristjánsdóttur. Þar segir: „Ég fann tilkynningu um slys, sem [svo] fram kemur, að Óli hafi ekki verið frá vinnu, enda finnst mér það koma heim og saman við launaseðlana frá 1982–1983. Ég fór yfir launaseðlana og er Óli á 100% launum, þar til hann hættir störfum hjá ÍSAL. Mér til staðfestingar, að Óli hafi verið í vinnu, sé ég að hann er að fá greidda yfirvinnu og slökkviliðsæfingu, einnig er hann með frádráttarlaun.“ Í bréfinu kemur síðan fram, að á tímabilinu 7. til 20. febrúar 1982 hafi stefnandi fengið greidda 4 yfirvinnutíma, á tímabilinu 7. til 20. mars 1982 hafi hann fengið greitt fyrir 4 yfirvinnutíma og einnig fyrir slökkviliðsæfingu, og á tímabilinu 4. til 17. apríl 1982 hafi hann fengið greitt fyrir slökkviliðsæfingu. Óumdeilt er, að stefnandi missti einskis í af launum vegna slyssins.

Ágreiningslaust er, að Vinnueftirliti ríkisins var ekki gert viðvart um slysið.

Hinn 8. mars 1982 ritar Haukur Heiðar Ingólfsson heilsugæslulæknir beiðni um rannsókn til Borgarspítalans, röntgendeildar. Þar segir undir fyrirsögninni GREINING/STUTT SJÚKRASAGA/ÁSTAND: „Áverki á hægri arm fyrir ca. 5 dögum. Getur ekki extenderað [þ. e. rétt úr] síðan fullt í olnboganum.“ Hinn 22. sama mánaðar skrifar Magnús Páll Albertsson læknir skýrslu, sem auðkennd er sem „Skýrsla til lækna I. Koma.“ Þar segir

m. a.: „8/3 1982 var sjúklingur við vinnu í Straumsvík við áltöku, missti tak-ið á hlutnum, sem hann var að lyfta, rak hægri olnboga utan í vegg og fékk mikinn slink í olnbogann. Hann fékk strax slæma verki um hægri olnboga og gat ekki rétt almennilega úr handleggnum eftir það, en hélt áfram að vinna. Hann hefur síðan getað beygt olnbogann eðlilega, en alltaf haft talsverðan extensionsdefect [þ. e. átt erfitt með að rétta úr liðnum] og verkja-seyðing í hvíld og við áreynslu.“ Síðan segir, að heimilislæknir hafi sent stefnanda í myndatöku, og hafi þá sést hlutur, sem hafi sterklega líkst corpus liberum [þ.e. aðskotahlutur] í hægri olnboga. Vegna þessa hafi hann verið tekinn inn til aðgerðar. Síðan segir: „22/3 er síðan gerð ofanefnd aðgerð, tekið corpus liberum úr olnboga. Hreyfigeta sjúklings batnar talsvert strax við það, þótt enn sé til staðar svolítt extensionsdefect. Strax síðdegis aðgerðardag er sjúklingur útskrifaður við þökkalega líðan til síns heima og mun verða fylgt eftir á göngudeild slysadeildar.“ Hinn 20. apríl 1982 biður læknirinn, Magnús Páll, um röntgenmyndun á hægri olnboga stefnanda. Í beiðninni segir hann, að fyrir fjórum vikum hafi verið tekin liðmús úr olnboga og síðan: „Nú góðar hreyfingar, nema 10–15° vantar á fulla ext[ension]. Virðist mekanísk fyrirstaða. Liðmús?“ Í niðurstöðu röntgenmyndunar segir: „Samanborið við síðustu rannsókn 080382 hefur röntgenþéttur aðskotahlutur, sem lá við caput radii í liðnum framan til, verið numinn burtu. Engir aðrir aðskotahlutir sjást né sjúklegar breytingar.“

Málsástæður og lagarök.

Í stefnu kemur fram, að stefnandi telur, að stefndi beri ábyrgð á því örorkutjóni, sem stefnandi hafi orðið fyrir í starfi hjá stefnda. Stefnandi hafi 2. febrúar 1982 verið að störfum í kerskála stefnda, þegar slysið varð. Hafi stefnandi staðið að vinnu sinni með venjulegum og eðlilegum hætti. Hann hafi verið að herða skrúfbolta á rana til að festa hann við svokallaða áldeiglu, sem í hafi verið bráðið ál. Skrúfboltinn hafi brotnað við átak stefnanda, vegna þess að hann hafi verið gallaður. Ljóst sé, að orsök slyssins hafi verið bilun eða galli í vinnutækjum þeim, er stefnandi starfaði við hjá stefnda. Verði stefnanda á engan hátt kennt um, að boltinn brotnaði við venjulegt átak.

Stefnandi telur, að stefndi beri fullkomna ábyrgð á tjóni stefnanda, sem hlotist hafi vegna framangreindrar bilunar eða galla, þegar slysið varð. Stefndi beri fullkomna greiðsluábyrgð á tjóni stefnanda, sem sannanlega hafi verið metið og útreiknað af þar til bærum aðilum.

Stefnandi vísar til almennra skaðabótareglna um bótaábyrgð stefnda,

einkum sjónarmiða um hættulegan atvinnurekstur. Hann vísar og til eftirtalinna hæstaréttardóma og telur þar að finna staðfestingu á hlutlægri ábyrgð vegna líkamstjóns, sem orsakast af bilun eða galla í tækjum: Hrd. 1968, 1051, 1970, 434, og 1970, 544.

Af hálfu stefnda er það ekki dregið í efa, að stefnandi hafi slasast við vinnu sína hjá álfélaginu, en bótaskyldu er með öllu hafnað.

Í greinargerð stefnda segir, að sýknukrafa sé reist á þeirri meginreglu skaðabótaréttar, að sá, sem krefja vilji um bætur, þurfi að sanna tjón sitt, tjónvald, verknað og orsakasamhengi. Svo virðist sem slys stefnanda hafi orðið fyrir hreina óhappatilviljun, sem stefndi beri enga ábyrgð á. Atvik að slysinu séu algjörlega ósönnuð. Jafnvel þótt slysið hafi orðið eins og stefnandi hafi lýst því, þ e. með því að boltinn hafi slitnað, sé ósannað og ólíklegt, að það hafi orðið vegna galla í honum. Líklegra sé, að stefnandi, sem sé afrendur að afli og kunnur áhugamaður við vinnu, hafi eigi gætt að sér við átakið og slitnið boltann. Þriðji möguleikinn sé þó líklegastur, að slysið hafi orðið vegna þess, að herslutakið hafi skroppið af boltanum, eins og fram komi í slysaskýrslu stefnda [saminni af Jól Sigurðssyni og undirritaðri af honum o. fl., sbr. hér að framan]. Stefndi kveðst mótmæla algjörlega hugleiðingum í stefnu um ábyrgð sína á ósönnuðum galla.

Þá heldur stefndi því fram, að með fyrirvaralausri kvittun sinni fyrir mótöku bóta hafi stefnandi firrt sig rétti til þess að krefja um frekari bætur.

Í greinargerð stefnda er fjallað sérstaklega um einstaka liði kröfugerðar stefnanda, en ekki þykir ástæða til að rekja það að svo komnu máli.

Skýrslur fyrir dómi gáfu stefnandi og vitnin Jól Kristinn Sigurðsson, fyrrverandi yfirverkstjóri í kerskála hjá stefnda, Eggert Jónsson, sérfræðingur í bæklunarskurðlækningum, Guðmundur Ragnar Friðvinsson, verkstjóri í kerskála hjá stefnda, Hlöðver Kristjánsson, öryggisfulltrúi hjá stefnda, og Sigurður Gíslason, flokksstjóri á deigluverkstæði hjá stefnda.

Í skýrslu stefnanda kom fram, að hann hefði verið að festa ranann við áldeigluna í svokallaðri deiglustöð, þegar slysið varð. Hann kvaðst hafa verið einn á deiglustöðinni. Eftir slysið hefði hann tekið slitna boltann úr og sett annan í staðinn. Hann hefði engum sýnt brotna boltann. Hann hefði hent honum. Hann kvaðst hafa verið með dálitlar þrautir, hafa haldið, að hann hefði fengið svona mikið „skot“ í „vitlausu“ beinið, hefði verið svolítið stírdur í hendinni. Þegar hann hafi svo ætlað að undirbúa áltöku í kerskála, hafi hann þurft að lyfta upp járni til að skara í keru, og þá hafi höndin fest, svo að hann hafi ekki getað hreyft hana. Hann hafi þá farið til Guðmundar Friðvinssonar, verkstjóra síns, og sagt honum, hvað hefði gerst og að hann yrði að fara heim, hann væri svo slæmur. Verkstjórinn hefði sam-

þykkt, að hann færi heim, og hann hefði tilkynnt yfirverkstjóra í kerskála, Jól Sigurðssyni, um slysið daginn eftir. Skv. upplýsingum Guðmundar nýlega hefði hann ekki skráð þetta í neina bók, það hefði ekki verið venja þá. Stefnandi kvaðst ekki hafa tilkynnt neinum öðrum yfirmanni um slysið. Engin skrifleg skýrsla hefði verið gerð hjá stefnda eftir sinni frásögn. Eina skriflega skýrslan, sem gerð hefði verið eftir sinni frásögn, hefði verið skýrsla handa Brunabótafélagi Íslands [22. mars 1983, sbr. bls. 3 hér að framan]. Hann hefði aldrei talað um þetta slys við yfirverkstjóran, Jól Sigurðsson.

Stefnandi kvaðst hafa komið til vinnu daginn eftir slysið og unnið þær tvær vaktir, sem eftir voru af vaktasýrpunni. Síðan hefði hann farið í vaktarfrí. Hann kveðst síðan hafa verið frá vinnu til 11. maí 1982. Þá hefði hann fengið aðra og léttari vinnu hjá stefnda.

Vitnið Jól Kristinn Sigurðsson samdi slysaskýrslu stefnda og undirritaði hana 8. mars 1982. Vitnið var spurt, hvernig á því hefði staðið, að svo langur tími hefði liðið frá slysinu, þangað til að skýrslan hefði verið gerð. Vitnið svaraði, að það hefði verið vegna þess, að stefnandi hefði ekki komið til sín strax eftir slysið. Vitnið kvaðst ekkert hafa vitað um slysið fyrst í stað, en seinna hefði stefnandi komið til sín upp á skrifstofu og kvartað við sig um, að hann væri aumur í handlegg. Stefnandi hefði haldið, að þetta myndi lagast. Orðrétt sagði vitnið: „En síðar, hann var dálítið bólginn, mig minnir það, þá fór ég þarna niður [þ.e. á deigluverkstaði, – innskot dómenda], og við kíktum á þetta saman. Ég vildi vita, hvernig þetta skeði, og eftir það var skýrslan skrifuð. Ég vil taka það fram, að öll þessi ár, sem ég var þarna, þá var slys aldrei saltað. Það var gefið undantekningarlaust samdægurs. En í þessu tilfelli var ekkert hægt um að ræða að gefa skýrsluna, vegna þess að ég vissi ekkert af þessu slysi fyrr en eftir á.“ Vitnið bar, að það hefði skrifað skýrsluna, eftir að hafa rætt við stefnanda, en það hefði ekki borið lýsingu á slysinu undir hann, eftir að hún var skrifuð.

Fram kom hjá vitninu, að þetta slys stefnanda hefði ekki verið eina slysið, „sem varð í sambandi við að herða þarna deigluvarnar. Það urðu smámeiðsli þarna oftár. Það hefði komið fyrir, að rörtöng, sem notuð var til að herða boltann, hefði skroppið af honum. ... Það virtist vera eins og að menn meiddu sig þarna á honum, menn fengu þetta sumir í andlitið ...“ Þetta hefði verið ástæðan til, að ákveðið hefði verið, eins og fram komi í slysaskýrslunni, að notast eftirleiðis við loftverkfæri til herslu á ranaróm.

Vitnið Guðmundur Ragnar Friðvinsson verkstjóri (vaktstjóri) bar, að stefnandi hefði unnið undir sinni stjórn, en hann myndi ekki, hvort svo hefði verið í febrúar 1982. Vitnið kvaðst muna, að stefnandi hefði meiðst

eitthvað, en ekki muna, hvenær það hefði verið. Það myndi ekki, hvort stefnandi hefði tilkynnt sér um slys.

Vitnið bar, að venjulegt væri, ef lítil slys yrðu, að starfsmenn tilkynntu þau til vaktstjóra. Hann semdi ekki skýrslu um slysið, heldur tæki bara saman punkta um það, hvar og hvenær það hefði orðið og hvað hefði verið gert við hinn slasaða. Þessum punktum kæmi hann svo til yfirverkstjóra skálans. Vitnið kvaðst ekki muna, hver orsök slyss stefnanda hefði verið, og ekki heldur, hvort hann hefði sent yfirverkstjóra einhverja punkta um það. Það kvaðst ekki þekkja til þess búnaðar, sem notaður hefði verið til að festa rana við áldeiglu.

Enn kom fram hjá vitninu, að á þessum tíma hefði ekki verið haldin vaktadagbók, en nú væri það gert.

Vitnið Hlöðver Kristjánsson, öryggisfulltrúi hjá stefnda, kvað starf sitt fólgið í að fylgjast með því, að menn færu eftir öryggisreglum, sem í gildi væru hjá stefnda, og líka að sjá um skýrsluhald um slysin eða óhöppin. Það kvaðst þó ekki gera slysaskýrslu sjálft. Vaktformenn gerðu frumskýrslu, sem þeir legðu síðan fyrir verkstjóra sinn í flestum eða öllum tilvikum, og deildarstjóri í viðkomandi deild færi yfir þær líka.

Vitnið bar, að eftir því sem það best myndi, hefðu verið notaðir venjulegir lykklar, fastir lykklar eða stjórnulyklar, til að herða ranarær á þeim tíma, er slys stefnanda varð.

Vitnið var spurt, hvaða venjur giltu hjá stefnda um afskipti Vinnueftirlits ríkisins af slysum. Orðrétt svaraði vitnið: „Venjan er sú, að vinnueftirlitið kemur á staðinn, alla vega þegar maður telur, að ástæða sé til, að það sé þannig slys, að maður geti búist við því, að það verði einhver eftirköst, t. d. ef maður brotnar, beinbrotnar eða maður verður fyrir höfuðhöggi eða eitthvað svona, sem manni finnst vera í alvarlegri kantinum, þá lætur maður alltaf vinnueftirlitið koma og jafnvel lögreglu. Í svona smáóhöppum, maður sker sig í fingur eða klemmir sig eða eitthvað slíkt, þá lætur maður jafnvel vinnueftirlitið vita, án þess að þeir komi neitt á staðinn.“ Vitnið kvaðst hafa hafið störf hjá stefnda nokkru fyrir slys stefnanda og sagði, að þessar reglur hefðu verið í gildi þá og alla tíð síðan.

Vitnið var spurt, hvort það myndi eftir slysi stefnanda. Það kvaðst gera það, þegar það færi að grafa ofan í skýrsluna. Það geymdi alltaf eintak af slysaskýrslum. Það kvaðst ekki muna eftir, að á þeim tíma, sem það hefði unnið hjá stefnda, hefðu orðið önnur slys en á stefnanda við það, að maður hefði verið að tengja rana við áldeiglu og herða bolta.

Vitnið Sigurður Gíslason, flokksstjóri á deigluverkstæði hjá stefnda, kannaðist við, að árið 1982 hefðu verið í notkun boltar með ásoðnu auga til

að festa rana við áldeiglu. Vitnið var spurt, hvort það myndi til, að boltar þessir hefðu brotnað, eins og stefnandi heldur fram. Vitnið kvaðst ekki muna það. „Ég man bara ekki svo langt. Það hlýtur að hafa komið fyrir, því að það var verið að skipta um alla bolta.“ Vitnið kannaðist einnig við, að eyru, sem auga boltans var fest við, hefðu stundum brotnað.

Vitnið bar, að notaður hefði verið lykkill, stjörnulykill, til að herða rana-rær. Þegar vitnið hafði skoðað teikningu af áldeiglu með áföstum rana, kvaðst það muna, að það hefði verið farið að nota herslustöng.

Álit dómsins.

Upplýst er, að stefnandi slasaðist við vinnu sína hjá stefnda 2. febrúar 1982 og að hann hafi þá verið að tengja svokallaðan rana við áldeiglu. Stefnandi var einn við vinnu sína, þegar hann slasaðist. Hann var einn til frásagnar um það, hvernig slysið varð. Lýsingar á því í skjölum máls, sem raktar hafa verið hér að framan, geta ekki verið frá öðrum komnar, beint eða óbeint. Þeim ber svo á milli, að augljóst er, að um missagnir er að ræða, og verður ekki komist fyrir um, hverjar þær eru eða hvernig þær eru til komnar. Við aðalflutning var lögð á það áhersla af hálfu stefnanda, að eina skráða lýsing á slysinu í skjölum máls fyrir utan frásögn í stefnu og greinargerð stefnanda, sem höfð væri réttilega eftir stefnanda, væri sú, sem skráð væri á tjónstilkynningu til Brunabótafélags Íslands. Þar segir: „Var að herða upp rana, og brotnaði stykkið, sem hann var með í höndunum, small svo utan í deigluna með olnbogann við starf.“ Þessi lýsing er ekki í fullu samræmi við það, sem stefnandi heldur nú fram. Útbúnaður sá, sem stefnandi notaði til að festa ranann við áldeigluna, er nú ekki finnanlegur í álveri stefnda. Stefnandi skýrði svo frá hér fyrir dómi, að hann hefði sjálfur hent þeim bolta, sem hann segir hafa brotnað. Enginn slíkur bolti með ásoðnu auga er nú til, hvorki heill né brotinn. Stefnandi hefur ekki sannað, að slysið hafi orðið vegna bilunar eða galla í tæki, svo sem hann heldur fram, eða með þeim hætti öðrum, sem leitt gæti til bótaskyldu stefnda.

Lögmaður stefnanda taldi í málflutningi sínum, að leggja bæri sönnunarbyrði um atvik slyss á hendur stefnda. Vinnueftirlit ríkisins hefði ekki verið kallað til vegna slyssins, en það hefði stefndi átt að gera, þótt síðar væri, þar sem stefnandi hefði verið frá vinnu vegna slyssins.

Sýnt er af vitnisburði Guðmundar Friðvinssonar verkstjóra og Hlöðvers Kristjánssonar öryggisfulltrúa, að venjulega hafa starfsmenn í kerskála stefnda ekki beint samband við yfirverkstjóra, ef slys verður, heldur láta þeir verkstjóra sinn (vaktstjóra) vita af því. Hann tekur síðan saman punkta um slysið eða gerir frumskýrslu, sem hann kemur til yfirverkstjóra, en hann

semur slysaskýrslu. Styður þetta frásögn stefnanda um, að hann hafi tilkynnt verkstjóra sínum, Guðmundi Friðvinssyni, um slys sitt, en ekki rætt um það við Jóel Sigurðsson yfirverkstjóra, svo sem hann hefur borið.

Dómendur líta hins vegar svo á, að mjög óskýrt sé í málinu, hvenær stefnandi hafi gert sér og þá einnig verkstjóra sínum grein fyrir því, að hann hafði slasast alvarlega. Vitnið Guðmundur Friðvinsson bar, að það myndi ekki, hvort stefnandi hefði tilkynnt sér um slys sitt. Óumdeilt er, að stefnandi hafi farið heim af vaktinni slysdaginn, og má víst telja, að hann hafi haft til þess samþykki verkstjóra síns. Óljóst er hins vegar, hvað hann sagði verkstjóra sínum þann dag um slysið og hvort atvikalýsing í slysaskýrslu stefnda stafar frá frásögn hans þann dag eða síðar. Stefnandi kom aftur til vinnu næsta dag og vann þær tvær vaktir, sem eftir voru af vaktasyrpunni. Þá fór hann í vaktafri, og hann kveðst ekki hafa komið aftur til vinnu fyrr en 11. maí 1982. Fyrirgreint bréf stefnda til lögmanns síns, dags. 31. mars 1992 (sjá bls. 2 hér að framan), bendir hins vegar til, að hann hafi verið við vinnu tímabilið frá slysdegi til 11. maí. Til þess bendir einnig, að af gögnum máls verður ekki annað séð en stefnandi hafi fyrst leitað læknis 8. mars 1982, en það er reyndar dagsetning fyrstu undirskriftar undir slysaskýrslu stefnda.

Að þessu athuguðu þykja dómendum ekki efni til að leggja sönnunarbyrði um atvik slyssins á hendur stefnda.

Úrslit þessa máls verða þau, að stefndi verður sýknaður af kröfum stefnanda.

Rétt þykir eftir atvikum og með vísun til 178. gr. laga nr. 85/1936, að málskostnaður falli niður.

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari, dómsformaður, og meðdómendurnir Björn Árnason verkfræðingur og Hjalti Jóhannsson véltækni-fræðingur kváðu upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Íslenska álfélagið hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Óla Sven Styff, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.